



# ÁÆTLUN UMHVERFIS- OG ÚRGANGSMÁLA AKUREYRARBÆJAR



FYRIR ÁRIÐ 2018



## EFNISYFIRLIT


<i>Almennt</i> .....	3
<i>111 Umhverfismál</i> .....	3
Almenningsgarðar- Lystigarður .....	5
Kjarni .....	6
Friðlönd og fólkvangar .....	7
Fegrun og hirðing opinna svæða .....	8
Jarðeignir, lönd og búfjárefntirlit .....	9
Hreinsun/sópun/þvottur gatna.....	9
Jólaskreytingar.....	9
Minka og refaeyðing .....	10
<i>108 Hreinlætismál</i> .....	10
Sorphreinsun og förgun.....	11
Gámasvæði.....	12
Grenndargámar .....	13
Förgun og tiltekt í bæjarlandinu .....	14
Svifryksmælingar .....	14
Hljóðvistarmælingar .....	15
Meindýraeyðing og dýraeftirlit.....	16
<i>113 Tjaldsvæði og fjallskil</i> .....	16
Tjaldsvæði.....	16
Fjallskil.....	17
<i>106 Leikvellir</i> .....	17
<i>Listaverk á Akureyri</i> .....	18
<i>Nýframkvæmdir i umhverfismálum og búnaðarkaup</i> .....	19
<i>Umhverfis- og samgöngustefna, staða verkefna</i> .....	21



## Almennt

Þann 1. janúar 2017 voru Fasteignir Akureyrarbæjar og Framkvæmdadeild sameinaðar í eitt svið, Umhverfis- og mannvirkjasvið. Á sviðinu starfa alls um 105 manns í heildina. Sviðinu er skipt upp í fjórar deildir: nýframkvæmdir, viðhald mannvirkja, umhverfismál og sorphirða og slökkvilið og brunavarnir eins og skipuritið sýnir.

Umhverfisdeildin heldur utan um öll umhverfismál og rekstur af ýmsum toga, sem og sorphirðu og sorpeyðingu, dýrahald, Lystigarðinn og fleiri verkefni sem snúa að málaflokknum.



## 111 Umhverfismál

Undir umhverfismál falla Lystigarður, Kjarnaskógur, fegrun og hirðing, hreinsun gatna og jólaskreytingar. Umhverfisnefnd var felld inn í Umhverfis- og mannvirkjaráð. Samantekt á rekstri umhverfismála sýnir að heildar kostnaður er áætlaður um kr. 285,6 milljónir á árinu 2018.

Skrifstofan hefur verið sameinuð skrifstofu UMSA og er hlutur umhverfismála í rekstri áætlaður kr. 9 milljónir á árinu 2018. Nokkur hækkun er á rekstri útivistarsvæðissins í Kjarna sem er fyrst og fremst til komin vegna framkvæmda sem eru eignfærðar svo sem leikvellir, salernishús og fjölgun blakvalla. Verulega hefur vantað fjármagn í fegrun og hirðingu og er sá



liður hækkaður nokkuð milli ára. Eins hefur ekki verið hægt að sinna sópun í bænum eins og best verður á kostið og því lítilega bætt í þann lið.

Lyklar	Raun 2015	Raun 2016	Áætlun 2017	Staða 24.08.2017 Rammi	Áætlun 2018 228.907.000
**** Umhverfismál	256.350.446	260.281.333	224.799.000	163.885.460	285.634.296
*** Sameiginlegur kostnaður	6.304.132	1.950.933	6.386.000	6.299	9.000.000
** 1110150 Náttúruvernd	6.304.132	1.950.933	6.386.000	6.299	9.000.000
* Laun og laumatengd gjöld	2.064.447	1.908.114	2.421.000		
* Vörukaup	156.867	32.919	45.000	6.299	
* Þjónustukaup	4.082.818	9.900	3.920.000		9.000.000
*** Almenningsgarðar	45.557.513	46.353.981	48.087.000	28.291.919	49.169.000
** 1112110 Lystigarður	45.557.513	46.353.981	48.087.000	28.291.919	49.169.000
* Tekjur	-209.760	-101.970	-150.000	-66.312	-1.350.000
Tekjur aðgangur að Lystigarði					-1.000.000
* Laun og laumatengd gjöld	35.431.133	37.820.948	38.331.000	21.217.169	40.200.000
* Vörukaup	2.011.772	2.161.557	2.190.000	1.221.140	2.310.000
* Þjónustukaup	8.324.367	6.473.446	7.716.000	5.919.922	8.009.000
*** Útivistarsvæði	26.141.530	32.695.422	28.035.000	22.302.147	33.445.296
** 1113110 Útivistarsvæði í Kjarna	25.657.065	32.695.422	27.405.000	21.722.042	32.795.296
* Vörukaup	496.159	864.914	830.000	196.029	950.000
* Þjónustukaup	25.160.906	31.830.508	26.575.000	21.526.013	31.845.296
** 1113150 Friðlönd og fólkvangar	484.465		630.000	580.105	650.000
* Vörukaup			50.000	242.709	50.000
* Þjónustukaup	484.465		580.000	337.396	600.000
*** Opin svæði	136.835.789	135.925.372	105.280.000	72.803.901	152.360.000
** 1114110 Fegrin og hirðing opinna svæða	109.534.729	132.954.678	105.730.000	74.511.997	133.700.000
* Vörukaup	6.773.131	6.687.466	8.765.000	4.166.770	6.870.000
* Þjónustukaup	102.761.598	126.267.212	96.965.000	70.345.227	126.830.000
** 1114200 Nýfrankvæmdir umhverfismála	25.628.584	3.963.812			20.000.000
* Þjónustukaup	25.628.584	3.963.812			20.000.000
** 1114500 Jarðeignir lönd og búfjäreftl.	1.672.476	-993.118	-450.000	-1.708.096	-1.340.000
* Tekjur	-4.576.954	-5.048.502	-5.700.000	-5.814.238	-7.040.000
* Laun og laumatengd gjöld	4.610				
* Vörukaup	261.595	13.879	300.000	45.195	450.000
* Þjónustukaup	5.589.036	3.519.827	4.550.000	3.486.313	4.650.000
* Skattar og opinber gjöld	394.189	521.678	400.000	574.634	600.000
*** Umhverfi gata og torg	31.683.608	34.899.036	30.351.000	37.364.586	33.150.000
** 1115100 Hreinsun gatna	31.683.608	34.899.036	30.351.000	37.364.586	33.150.000
* Tekjur			-11.000.000	-11.000.000	-11.000.000
40865 Endurgreiðslur			-11.000.000		-11.000.000
* Vörukaup	49.028				
* Þjónustukaup	31.634.580	34.899.036	41.351.000	37.364.586	44.150.000
*** Skreytingar	9.764.572	8.456.589	6.410.000	3.116.608	8.260.000
** 1116110 Jólaskreytingar	9.764.572	8.456.589	6.410.000	3.116.608	8.260.000
* Vörukaup	1.409.882	582.422	700.000	410.584	2.200.000
* Þjónustukaup	8.354.690	7.874.167	5.710.000	2.706.024	6.060.000
54030 Póstburðargjöld		175			
*** Minka- og refaeyðing	63.303		250.000		250.000
** 1117250 Minka- og refaeyðing	63.303		250.000		250.000
* Þjónustukaup	63.303		250.000		250.000



Tafla 1: Rekstur umhverfismála.

## ALMENNINGSGARÐAR- LYSTIGARÐUR

Lystigarðurinn á Akureyri hefur til afnota um 3,6 hektarar lands. Heilsárs starfsmenn eru þrír, grasafraeðingur, garðyrkjufraeðingur og verkamaður. Sumarstarfsmenn eru 6-8 / 1 flokkstjóri og sjá þeir um almenna umhirðu, slátt og margt fleira. Flokkstjóri í vinnuskóla er með 4-6 ungmenni, atvinnuátak er með 2 starfsmenn og sumarvinna með stuðningi voru 3 starfsmenn. Í



Í sumar voru færri ungmenni heldur en undanfarinn ár og 1 starfsmaður frá vinnumálastofnun.

Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum í garðinum:

- Gosbrunnur og Bogatjörn voru múruð og máluð.
- Steinatjörn var þrífinn, grjót tekið og háþristi þvegið.
- Eins voru settar nýjar ruslatunnur í garðinum og hjólaskýli var sett við suðurhlíð garðs.
- Bekkir í garði voru málaðir og endurgerðir eftir þörfum.
- Niðurfall í skeljatjörn var lagað.
- Aflögð WC tekinn í gegn, brotinn veggur, máluð, sett rafmagn og gamlar myndir hengdar upp. Í framtíðinni er stefnan að þarna verði saga Lystigarðsins sýnd. Skilti sett á útivegg og veggir að utan málaðir / lystaverk eftir karen Dögg Geirsdóttur.
- Búið er að kaupa moksturtæki fyrir garðinn sem á að auðvelda starfsmönnum að halda göngustígum innan garðsins opnum.

Lystigarður Akureyrar – aðkallandi verkefni í Lystigarðinum:

1. Gjaldtaka inn á snyrtingar finna lausn.
2. Endurgera á batta í hvamminum og við skemmu.
3. Laga steinatjörn –gagngerar endurbætur.
4. Laga hleðslu í íslenskubeðum eða endurgera.
5. Setja flaggstöng við norðurstétt.
6. Réttu alla ljósastaura, halla allir.
7. Bæta salla í alla stíga.
8. Kantsteinn um allan garð orðinn niðurgrafinn og skakkur.
9. Laga kant við gosbrunn/múra nýjan.
10. Fella nokkur gömul sorbus um allan garð „nokkur á ári.
11. Hreinsa allar rótarhniðjur um allan garð /stubbattættari.
12. Laga hellur neðan við bogatjörn /farnar að gliðna í sundur.



13. Endurgera læk og skeljatjörn, sprungur um allan læk.
14. Helluleggja eða setja náttúrugrjót göngustíg norður/suður, tilheyrir göngustígakerfi Ak. bæjar

Tæki sem vantar í Lystigarðinn:

Skiltagerðarvel til að gera varanleg skilti (roland EGX -30A) ca. 550. þús

Nýtt skráningarkefi fyrir plöntulista og frælista inn á heimasíðu.

Kaupa dökkgrænt plast með hvítu undirlagi og gera varanleg skilti um allan garð.

Lítinn garðtraktor (Avant liðlétting) Avant 400 kostar 3+ vask

Nýjan vinnubíl –ca. 3-4 milj.

## **KJARNI**

Uppbygging skógræktar og útivistarsvæðisins í Kjarnaskógi á sér rætur allt til ársins 1946 þegar Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk fyrst úthlutað erfðafestulandi til skógræktar. Samningur var undirritaður þann 24. apríl 1998 um umsjón með skógræktar- og útivistarsvæðum á Akureyri við Skógræktarfélag Eyfirðinga. Samningur gildir frá 1. janúar 1999 til 31. desember árið 2019. Tvö ár eru því eftir af samningnum. Akureyrarbær greiðir Skógræktarfélagi Eyfirðinga kr. 6.2 milljónir án vsk. (framreiknað kr. 17.8 milljónir án vsk. eða kr. 22.2 milljónir með vsk.) á ári sem fasta greiðslu fyrir þau verkefni sem tekin eru fram í samningi. Samningurinn miðast við byggingarvísitölu á undirskriftardegi og tekur árlega breytingum miða við 1. janúar ár hvert. Akureyrarbær greiðir sérstaklega það efni sem keypt er vegna nýframkvæmda og viðhalds. Eins greiðir Akureyrarbær fyrir þjónustukaup sem liggja utan möguleika Skógræktarfélagsins. Segja þarf samningi upp með sex mánaðar fyrirvara miða við áramót, ella framlengist samningur sjálfkrafa um tvö ár í senn.

Um er að ræða umsjón með skógræktar- og útivistarsvæðum í Kjarnaskógi, Hamraborgir, Naustaborgir, Eyrarlandsháls og Botnsreitir.

Með samningnum tekur Skógræktarfélag Eyfirðinga að sér tillögugerð um skipulag, umsjón með og framkvæmir við þau skógræktar- og útivistarsvæði Akureyrarbæjar sem samningurinn nær til. Félagið leggur til sérfræðinga sína og verkstjóra til að sinna umsjón og hirðingu, en fær auk þess starfsfólk frá Akureyrarbæ í verkefnið. Akureyrarbær greiðir sérstaklega, samkvæmt reikingi, það efni sem keypt er inn vegna nýframkvæmda og viðhalds.

Undanfarið ár hafa verið miklar framkvæmdir í skóginum eftir mörg ár þar sem ekkert fjármagn fékkst til framkvæmda. Búið er að endurgera grillhúsið við Steinagerðisvöll, lagfæra leiksvæði og byggja nýjar tröppur á milli svæða. Settir voru upp teljarar við Steinagerðisvöll og Kjarnakot sem sýna svart á hvítu að mikill fjöldi fólks leggur leið sína á útivistarsvæðið.





Frá 1 janúar til 14 september höfðu um 114.000 manns lagt leið sína um útivistarsvæðið. Á og við Birkivöll var gert bifreiðastæði, salernishús byggt, tveir strandblakvellir, borðtennisborð, ærslabelgur (hoppudýna) og minigolfbraut. Þá var byggt nýtt og glæsilegt grillhús ásamt stóru leiksvæði. Þá voru gerðir nýjir stígar sem meðal annars tengja Kjarnaflöt Birkivelli. Það sem fyrir liggur að gera á næstu árum er að endurnýja allt svæðið á Kjarnaflöt, vinna að merkingum, stígagerð, framkvæmdir við svokallaðan Yndisgarð sem er tilraunareitur fyrir kvæmi að ýmsum trjám og runnum og samningur er um milli Akureyrarbæjar, skógræktarfélagins, Sólskóga og LBHÍ og fl. Því er nauðsynlegt að fjármagn sé tryggt næst ár.

### FRIDLÖND OG FÓLKVANGAR

Náttúruvernd, skv. lögum um náttúruvernd, gróðurvernd, skv. lögum um landgræðslu, friðlýst svæði og náttúruminjar skv. lögum um náttúruvernd og skógrækt, skv. lögum um skógrækt.

Krossanesborgir voru friðaðar sem fólkvangur árið 2005 og er stærð fólkvangsins 1,15 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Eftir friðun svæðisins hafa verið gerðir gönguslóðar sem eru 4,3 km að lengd, bifreiðastæði við sunnanverðar borgirnar þar sem sett var upp upplýsingaskilti. Þá voru sett upp lágskilti víða innan svæðis þar sem finna má upplýsingar um gróðurfar, fuglalíf, jarðfræði og minjar frá veru hersins á svæðinu. Einnig er að finna þar fuglaskoðunarhús með upplýsingum um fugla sem á svæðinu finnast. Svæðið hefur verið vaktað með tilliti til fuglalífs og hefur verið talið á fimm ára fresti í fyrsta skipti árið 1998. Talning mun næst fara fram á árinu 2018 og nauðsynlegt að tryggja fjármagn til framkvæmda.

Glerárdalur var friðaður sem fólkvangur árið 2016 og er stærð hans 7,440 ha. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu lífræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana. Samkvæmt skipulaginu verða á svæðinu gönguslóðar bæði að austanverðu inn í Lamba og að vestanverðu frá Lamba að virkjun um 23 km ásamt lágskiltum með upplýsingum um gróðurfar, kennileyti og jarðmyndanir og nauðsynlegt að tryggja fjármagn til framkvæmda. Búið er að sækja um styrk til framkvæmdasjóðs ferðamanna um fjármagn til að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga stígagerðar og er mótframlag Akureyrarbæjar um 20% ef styrkur fæst.

Glerárgil er á náttúruminjasrá og því list sem árgili Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar



árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar. Á svæðinu er að finna göngustíga og slóða en upplýsingaskilti vantar tilfinnanlega.

Óshólmar Eyjafjarðarár eru á náttúruminjaskrá og liggja í tveimur sveitarfélögum, Akureyrarbæ og Eyjafjarðarsveit. Óvenju stórt votlendissvæði er þar og mikið fuglalíf og sérstætt gróðurfar. Stærð svæðisins er u.þ.b. 9 km<sup>2</sup>. Þann 5. júní 1998 var undirrituð ”samþykkt um friðland og útivistarsvæði í Óshólum Eyjafjarðarár” og skipuð var umsjónarnefnd með því. Í nefndinni sitja tveir fulltrúar Eyjafjarðarsveitar tveir fulltrúar Akureyrarbæjar og einn fulltrúi frá Isavia. Fuglalíf á svæðinu hefur verið vaktað á 10 ára fresti frá árinu 2000 og hefur kostnaður skipst á milli þeirra þriggja aðila sem fulltrúa eiga í nefndinni. Árið 2003 hófst vinna við deiliskipulag svæðisins en vegna ýmissa ófyrirséðra þátta kláraðist það ekki. Mjög æskilegt er að sú vinna fari aftur í gang og að deiliskipulag svæðisins klárast svo hægt verði að gera svæðið betur aðgengilegt almenningi.

#### **FEGRUN OG HIRÐING OPINNA SVÆÐA**

Innan fegrunar og hirðingar má segja að sé öll umhirða og fegrun grænna svæða bæjarins, Akureyri, Hrísey og Grímsey. Sláttur, hirðing og förgun, áburðargjöf, trjá- og runnaklippingar, útplantanir sumarblóma og trjá- og runnaplantna, illgresiseyðing, sáningar, þökulagning, viðhald gosbrunna og tjarna, bekkir, borð, grillhús, viðhald útivistastíga og merkinga í fólkvöngum og svæðum á náttúruminjaskrá ásamt mörgum öðru sem tengist grænu svæðunum. Ljóst hefur verið í langan tíma að allt of litlu fjármagni hefur verið veitt til umhverfismála undanfarin ár og ekki hefur verið tekið tillit til þess að græn svæði í bænum stækka sífellt, trjágróður vex, förgun er dýr og erfitt hefur verið að halda óæskilegum plöntum s.s. Lúpínu, Skógarkerfli og Bjarnarkló í skefjum. Skógarkerfill hefur verið sérstaklega erfiður viðureignar í Hrísey en tekist hefur að halda þeim hluta sem Akureyrarbær á í eygni í skefjum. Þessu verki verður að halda áfram ef ekki á illa að fara. Förgun á grasi sem til fellur hefur ekki farið í þann farveg (moltu) sem æskilegt væri vegna kostnaðar heldur í landfyllingu sunnan Réttarhvamms með tilheyrandi ólygt. Mjög mikilvægt er einnig að tryggja fjármagn verði til kurlunar á trjám og runnum sem til falla svo ekki þurfi að greiða fyrir þann úrgang.

Útplöntun í græna trefilinn hefur gengið vel undanfarin ár þó töluverð afföll hafi orðið á hverju ári af ýmsum orsökum. Ef útplöntun á að halda áfram er nauðsynlegt að innleysa eina





erfðafestu og segja upp fleiri beitarlöndum ásamt endurskoðun á núverandi skógræktarskipulagi þegar nýtt aðalskipulag liggur fyrir.

Í Hundatjörn í Naustaflóa var endurheimt votlendi árið 2007 og var það verkefni eitt af þremur sem Akureyrarbær fór í gang með vegna þátttöku bæjarins í verkefni um endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika ásamt 14 öðrum bæjarfélögum á norðurlöndunum. Verkefninu er ekki að fullu lokið en búið er að koma upp fuglaskoðunarhúsi á svæðinu með upplýsingum um þá fugla sem þar finnast ásamt því að vöktun fuglalífs þar hefur verið framkvæmd þar á tveggja ára fresti og ætti talning að fara næst fram vorið 2018

### **JARÐEIGNIR, LÖND OG BÚFJÁREFTIRLIT**

Starfsmaður jarðeigna sér um eftirlit og viðhald þeirra landa sem Akureyrarbær leigir út til beitar ásamt búfjárefntilriti. Þá kemur hann að fjallskilum og viðhaldi fjárréttar. Löndum fer fækkandi vegna byggingaframkvæmda og skógræktar en á árinu 2017 voru 177 ha í útleigu auk Skjaldarvíkurlandsins.

### **HREINSUN/SÓPUN/ÞVOTTUR GATNA**

Samningur er í gangi milli Akureyrarbæjar og Hreinsitækni um gatnasópun á þessu ári og bjóða þarf verkið út í byrjun árs 2018. Aðallega hefur verið um að ræða vorsópun og haustsópun ásamt viðhaldssópun yfir sumartímann. Norðurorka hefur komið með 11 m.kr framlag til hreinsunar en ljóst er að það dugir ekki til svo bæta verður í málaflokkinn. Mjög mikilvægt er að auka hreinsun til muna til að minnka svifryk. Einnig þarf að huga að því að lágmarka háлкуvarnir eins og kostur er eða stórauka fjármagn í hreinsun gatna og svo hægt sé að lágmarka svifryk í andrúmslofti.

### **JÓLASKREYTINGAR**

Mest áhersla hefur verið lögð á miðbæjarsvæðið síðastliðin ár þó stöku tré séu skreytt út í hverfum bæjarins. 120 stjörnur eru settar á ljósastaura á Drottningarbraut, Þingvallastræti, Mýrarvegi og Sunnuhlíð og 8 stjörnur eru settar upp í Hrísey. Hugla þarf að jólaskreytingum á nýju ljósastaurana í göngugötunni fyrir jólin 2018.



## **MINKA OG REFAEYÐING**

Ekki er haldið úti skipulögðu eftirliti með ref og mink í bæjarlandinu en brugðist er strax við ef fréttist að dýrum. Það eru þó alltaf úti nokkrar gildirur á óshólmasvæðinu. Aðeins einn minkur veiddist á árinu 2016 og enginn refur. Mikilvægt er að sinna þessu vel.

## **108 Hreinlætismál**

Undir málaflokkinn falla sorphreinsun og förgun, gámasvæði, svifryksmælingar og förgun bifreiða og annara hluta, meindýraeyðing og dýraeftirlit.



Lyklar	Raun 2015	Raun 2016	Áætlun 2017	Staða 2017	Lokastaða 2017 Á	Áætlun 2018
						25.875.000
**** Hreinlætismál	14.752.502	-15.112.153	27.419.000	-37.634.379	2.332.171	22.399.230
*** Heilbrigðiseftirlit	16.994.436	23.113.929	21.300.000	2.342.386	21.589.751	18.700.000
** 1081100 Heilbrigðiseftirlit	14.677.705	22.321.612	17.300.000		17.300.000	15.000.000
* Tekjur	-17.874.639	12.500	-16.573.000		-16.573.000	-18.000.000
* Þjónustukaup	32.552.344	22.309.112	33.873.000		33.873.000	33.000.000
** 1081300 Svifryksmælar og förgun bifreiða	2.316.731	792.317	4.000.000	2.342.386	4.289.751	3.700.000
* Tekjur	-163.864	-26.451	-1.000.000	-201.768	-500.000	-500.000
* Vörukaup	14.971			615.241		
* Þjónustukaup	2.465.624	818.768	5.000.000	1.928.913	4.789.751	4.200.000
*** Sorphreinsun og sorpeýðing	-2.733.945	-23.529.781	3.323.000	-38.899.072	-20.669.791	249.230
** 1082100 Sorphreinsunar- og förgunargjöld	-280.087.065	-280.232.803	-285.046.000	-216.611.919	-324.917.879	-306.600.000
** 1082110 Sorphreinsun	142.606.591	118.937.656	143.051.000	80.534.351	142.861.027	150.530.000
* Tekjur	-120.000	-110.000	-150.000	-90.000	-135.000	-120.000
* Laun og launatengd gjöld	60.134					
* Vörukaup	17.019.023	6.760.602	12.650.000	6.486.575	12.729.863	11.750.000
* Þjónustukaup	125.647.435	112.287.054	130.551.000	74.137.776	130.266.165	138.900.000
** 1082130 Gámasvæði	34.997.726	37.018.976	40.618.000	36.280.694	57.916.410	48.539.230
* Tekjur	-920.770	-600.000	-350.000	-264.000	-396.000	-350.000
* Vörukaup	107.571	588.777	1.175.000	2.866.521	4.622.362	1.255.000
* Þjónustukaup	35.810.925	37.030.199	39.793.000	33.678.173	53.690.048	47.634.230
** 1082300 Sorpeýðing	98.731.611	99.919.307	103.450.000	60.019.512	102.205.744	107.780.000
* Vörukaup						
* Þjónustukaup	98.627.631	99.811.897	103.325.000	59.920.492	102.080.744	107.650.000
* Skattar og opinber gjöld	103.980	107.410	125.000	99.020	125.000	130.000
** 1082350 Jarðgerð Hrísey	1.017.191	827.083	1.250.000	878.290	1.264.906	
* Vörukaup	132.238	138.199	278.000	161.519	242.279	
* Þjónustukaup	884.953	688.884	972.000	716.771	1.022.627	
*** Meindýraeyðing og dýraeftirlit	492.011	-3.026.813	2.796.000	-1.077.693	1.412.211	3.450.000
** 1085110 Meindýraeyðing og dýraeftirlit	492.011	-3.026.813	2.796.000	-1.077.693	1.412.211	3.450.000
* Tekjur	-11.010.023	-9.768.306	-10.650.000	-9.795.128	-11.848.437	-10.305.000
* Laun og launatengd gjöld	6.580.267	3.846.737	7.567.000	4.967.354	7.451.031	7.395.000
* Vörukaup	329.456	140.158	595.000	303.638	455.457	600.000
* Þjónustukaup	4.592.311	2.754.598	5.284.000	3.446.443	5.354.160	5.760.000

Tafla 2: Málaflokkur 108 Hreinlætismál 2015-2018.

## SORPHREINSUN OG FÖRGUN

Rekstraraðili Akureyrarbæjar í sorphreinsun, sorpflutningi, gámasvæði og grenndargámum er Gámaþjónusta norðurlands. Verkið var boðið út árið 2010 og til 8 ára með mögulegri 4 ára framlengingu. Samstarfið hefur gengið vel í þessi ár sem liðin eru. Tvær kannanir hafa verið gerðar á tímabilinu á viðhorfi notenda þjónustunnar. Sú fyrri var gerð á árinu 2013 af Gallup

og sú seinni á þessu ári 2017 og gerði RHA rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hana. Spurt var nokkurra spurninga en ef horft er á spurninguna **”Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með fyrirkomulag á söfnun heimilisúrgangs í sveitarfélaginu,** þá voru 77,1% mjög ánægð eða frekar ánægð í fyrri könnuninni en 90,1% mjög ánægð eða ánægð í þeirri seinni. Þegar spurt var **”Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með grenndarstöðvarnar á Akureyri,** þá voru 76,4% mjög ánægð eða frekar ánægð í fyrri könnuninni en 79,5% mjög ánægð eða ánægð í þeirri seinni. Flokkun endurvinnanleg úrgangs hefur frá byrjun verið um 30% og magn til urðunar frá 45% í 50%. Allt bendir til að magn til urðunar sé að aukast og nauðsynlegt að bregðast við sem fyrst.

Taka þarf sérstaklega fyrir allar þær orlofsíbúðir sem eru hér í bænum enda er lítil sem engin flokkun þar. Einnig þarf stöðugt að halda á lofti mikilvægi flokkunar með auglýsingum í fjölmiðlum.

## GÁMASVÆÐI

Gámasvæðið við Réttarhvamm er rekið af Gámapjónustu Norðurlands líkt og sorphirðan. Gámasvæðið var endurnýjað fyrir fáum árum og tekin upp aðgangsstýring með klippikortum. Það kerfi hefur gengið mjög vel og umferð inn á svæðið minnkaði til muna og vinnuástaður breyttust til hins



betra. Rampar inn á svæðinu eru annarsvegar fyrir endurvinnanleg efni og hinsvegar óendurvinnanlegt. Búið að koma upp endurvinnslustöð í Grímsey sem alltaf er opin og þar geta íbúar losað sig við endurvinnanleg efni. Svæðið hefur verið girt og verður aðgangsstýrt líkt og á Akureyri. Verið er að vinna í sambærilegu í Hrísey og nauðsynlegt að klára það sem allra fyrst.



### **GRENNDARGÁMAR**

Grenndargámar eru á 11 stöðum í bænum og eru ætlaðir fyrir endurvinnsluefni sem til falla á heimilum. Reynsla af gámunum er mjög góð og almennt mjög vel flokkað í þá. Einstaka sinnum skilur fólk eftir hluti sem ekki eiga heima í gámunum og því hefur verið nauðsynlegt að fara að gámunum á morgnana. Búið er að taka ákvörðun um að fjarlægja grenndarstöðina á lóð Síðuskóla og staðsetja á lóð Krambúðarinnar við Borgarbraut af öryggisástæðum. Grenndargámar sem nú eru víða í Hrísey verða fjarlægðar þegar endurvinnslustöðin verður komin í fulla notkun.



## FÖRGUN OG TILTEKT Í BÆJARLANDINU



Undanfarin ár hefur eftirlit með því að óæskilegir hlutir safnist ekki upp á lóðum og lendum innan bæjarmarka verið afar takmarkað sökum fjárskorts. Nauðsynlegt þykir orðið að gera þar bragarbót á og fylgja eftir samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar. Ástandið hér í bæ er víða mjög slæmt og ljóst að einhver kostnaður kemur til með að falla á bæinn í þeim tilfellum sem eigandi finnst ekki.

Það er almenn skylda íbúa, fyrirtækja og sveitarfélaga að halda lóðum og lendum snyrtilegum en því miður eru dæmi þess að einstaka eigendur eða forráðamenn sinni ekki sínum skyldum og

þá er nauðsynlegt að geta veitt slíkum aðilum aðhald með því að hreinsa viðkomandi lóðir og lendur á kostnað viðkomandi eiganda eða lóðarhafa.

Í annarri grein samþykktar um umgengni utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, nr. 563/2002 segir að óheimilt sé „að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærra hluti, svo sem bílflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingarefni, báta, skipskrokka og annað sambærilegt.“ Einnig segir í fjórðu grein að óheimilt sé „að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningamerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bílastæðum, á götum eða á almannafæri.“

Það er verk að vinna, fjölmargar fyrirtækjalóðir eru afar illa hirtar (t.d. Skútaberg í Krossanesi) og eru einnig dæmi um einkalóðir þar sem þarf að taka til, sbr. nýlega kvartanir um drasl við Lund, Þingvallastræti og Norðurgötu.

Nú þegar eru þvingunarúrræðum beitt jafnt og þétt vegna yfirgefninga og númerslausra bifreiða á götum og stæðum bæjarins (bæjarverkstjóri í umboði heilbrigðisfulltrúa) og það er nauðsynlegt að geta beitt sömu úrræðum þegar um fyrirtækja- og einkalóðir er að ræða til að gæta jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga. Til að sinna þessu verki sem best þarf að tryggja að fjármagni sé veitt á hverju ári til verksins.

## SVIFRYKSMÆLINGAR

Nýr svifryksmælir var keyptur á árinu 2017 með umhverfisstofnun og er hann staðsettur á sama stað og gamli mælirinn var. Mælirinn sýnir að í 32 skipti hefur hann mælt yfir





viðmiðunarmörkum. Staðsetning mælisins hefur oft verið gagnrýnd þar sem malarplan er á svæðinu rétt sunnan við og komið hefur til tals að færa hann í samráði við sérfræðing umhverfisstofnunar. Niðurstaðan verður líklega í Strandgötu austan Glerárgötu sem þykir



ákjósanleg þar sem mælirinn mælir einnig brennistein og getur þá líklega mælt mengun frá skipaumferð ef einhver er. Líklega verður aldrei hægt að koma í veg fyrir svifryk en með minni hálkuvörnum, jafnvel rykbindingu líkt og gert er á höfuðborgarsvæðinu ásamt stóraukinni


hreinsun og þvotti á götum væri hægt að takmarka ryk. Einnig skiptir miklu máli að allar vegaxlir séu bundnar slitlagi til að forðast jarðvegsryk.

Nagladekk eru stór valdur í myndun svifryks og mikilvægt að bifreiðaeigendur séu stöðugt minntir á það. Í umhverfis- og samgöngustefnunni er eitt verkefni að setja upp færanleg skilti þar sem vakin verður athygli á svifryksmengun af völdum nagladekkja.

### HLJÓÐVISTARMÆLINGAR

Aðgerðaráætlun gegn hávaða var unnin af verkfræðistofunni Eflu fyrir Akureyrarbæ árið 2015 og gildir til ársins 2020. Frá öllum helstu umferðargötum í íbúðabyggð á Akureyri var hljóðstig reiknað og þannig var hávaði frá umferð á Akureyri kortlagður. Þessir útreikningar á hljóðstigi voru unnir samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Aðgerðaráætlun þessi er unnin út frá niðurstöðum kortlagningarinnar og þjónar þannig hlutverki fyrir Akureyrarbæ og íbúa hans. Í dag eru um eða yfir 1532 íbúðir sem hafa hljóðstig yfir 55 db(A) sem er viðmiðunargildi reglugerðarinnar fyrir nýskipulag. Þar af er aðeins um 24 íbúðir að ræða þar sem hljóðstig við hús er yfir 65 db(A). Á þeim svæðum verða skoðaðar mögulegar hljóðskermingar eða byggingar tæknilegar lausnir. Sett eru fram svæði þar sem Akureyrarbær mun ráðast í skoðanir næstu 5 ár, með þeim skilyrðum að fjárveiting fáiast frá ríki og bæ. **Ekki hefur fengist fjármagn í verkefnið.** Skýrslu þessa má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar á slóðinni.

[https://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Havadamaelingar/Lokagogn\\_a\\_netid/adgerdaraetlun\\_2015-2020.pdf](https://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Havadamaelingar/Lokagogn_a_netid/adgerdaraetlun_2015-2020.pdf)



Mynd 2: Hávaðakort af öllum helstu umferðargötum í íbúðabyggð á Akureyri. Hljóðstig frá umferð er reiknað sem  $L_{Aeq}$  í 2 m hæð yfir jörðu.

## MEINDÝRAEYÐING OG DÝRAEFTIRLIT

Sami starfsmaður sinnir þessu starfi og jarðeignum og dýraeftirliti ao er launaður hér en millifærslur gerðar á jarðeignir þegar hann vinnur þar. Starfið fellst í hunda og kattaeftirliti í bæjarlandinu, eitrun og vöktun á brunnum vegna rotta og eyðingu á kanínum sem eru orðið stórt vandamál og mikilvægt að sinna því vel.

## 113 Tjaldsvæði og fjallskil

### TJALDSVÆÐI

Samningur um rekstur á tjaldsvæðum á Hömrum og í Þórunnarstræti milli Akureyrarbæjar og Skátafélagsins Klakks var undirritaður þann 29. maí 2008 og gildistími var 5 ár. Samningurinn framlengist um 2 ár í senn að loknum samningstíma sé honum ekki sagt upp með 8 mánaða fyrirvara. Með samningnum fær Klakkur fær afnot af öllum fasteignum, búnaði og landi beggja tjaldsvæðana og sér um allan rekstur og almenna þjónustu á svæðunum og skal



Þjónustan uppfylla opinbera gæðastaðla Ferðamálastofu og hafa tilskilin leyfi til rekstrar. Í upphafi samnings fékk Skátafélagið afhent vélar og tæki og sér um allan rekstur, viðhald og rekstrarvörur en Akureyrarbær á að kosta endurnýjun véla og tækja þegar þess gerist þörf.

Fyrir afnot af tjaldsvæðum greiðir Klakkur kr. 750.000 á ári. Nauðsynlegt er að fara í endurskoðun samningsins í samráði við Skátafélagið

Komið er að endurnýjun véla og tækja og þarf að láta ástandsmeta þau og ákveða í framhaldi hvernig málið verður leyst fyrir sumarið 2018

## FJALLSKIL

Milli 200 – 300 fjár er í sveitarfélaginu í eigu frístundabænda og er Glerárdalur notaður sem afréttur fyrir það fé. Kostnaður við smölun fjársins hefur aukist undanfarin ár við smölun á Glerárdal en einnig er greitt fyrir dagsverk við smölun í Fnjóskadal vegna eigna á Reykjum.

Huga mætti að því hvort ekki sé rétt að leggja á ákveðið fjallskilagjald á þá fjáreigendur sem sleppa fé á Glerárdal.

## 106 Leikvellir

Opnu leiksvæðin í bæjarlandinu eru 38 talsins og eru þau langflest með vottuðum leiktækjum og undirlagi en mikið fjármagn hefur verið lagt í þau undanfarin ár. Samkvæmt reglugerð á að fara fram daglegt eftirlit, rekstrarskoðun fjórum sinnum á ári ásamt aðalskoðun utanað komandi aðila. Tveir starfsmenn hafa sinnt þessu daglega eftirliti og þeir annast einnig rekstrarskoðun leiksvæðanna. Nokkur leiksvæði eru nú ógerð í hverfum bæjarins samkvæmt skipulagi og þarf að huga að fjármagni í gerð þeirra á næstu árum.

	Raun 2015	Raun 2016	Áætlun 2017	Raun 2017	Niðurst. 2017 áætluð	Áætlun 2018	Hækkun 2018
<b>Lyklar</b>	staða 24 ágúst						
*** Leikvellir	14.744.678	16.555.000	17.505.000	15.104.111	16.993.575	18.970.000	1.465.000
** 1061110 Rekstur leik- og sparkvalla	14.744.678	16.555.000	17.505.000	15.104.111	16.993.575	18.970.000	3.865.889
* Tekjur	-6.907.050	-5.580.000	-6.580.000	-2.645.278	-6.599.528	-7.600.000	-4.954.722
* Laun og launatengd gjöld	7.940.006	7.659.758	8.927.000	5.556.479	7.513.639	9.735.000	4.178.521
* Vörukaup	571.969	692.040	705.000	505.140	654.342	925.000	419.860
* Þjónustukaup	13.139.753	13.848.105	14.453.000	11.687.770	15.425.123	15.910.000	4.222.230
* Viðhald							

Tafla 2: Rekstur leik- og sparkvalla



## Listaverk á Akureyri

Listaverk í bæjarlandinu eru fjölmörg og nauðsynlegt að skrásetja þau öll og að tryggja fjármagn til viðhalds þeirra en það hefur ekki verið gert hingað til og verkin hafa því verið hálf munaðarlaus og án viðhalds. Verkin eru bæði í eigu Akureyrarbæjar og í einkaeign. Árið 2015 var stofnaður vinnuhópur sem hafði það verkefni að fara yfir núverandi staðsetningar



útilistaverka og breytingar á staðsetningum ef ástæða væri til. Hópurinn átti jafnframt að vinna skýrslu um ástand og viðhaldspörf og áætlun um lagfæringar. Þessari vinnu þarf að halda áfram.





## Nýframkvæmdir i umhverfismálum og búnaðarkaup

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framkvæmdir en af nógu er að taka s.s. verkefni í Kjarnaskógi. Það sem fyrir liggur að gera á næstu árum er að endurnýja allt svæðið á Kjarnaflöt, vinna að merkingum, stígagerð, framkvæmdir við svokallaðan Yndisgarð sem er tilraunareitur fyrir kvæmi að ýmsum trjám og runnum og samningur er um milli Akureyrarbæjar, skógræktarfélagins, Sólskóga og LBHÍ og fl. Því er nauðsynlegt að fjármagn sé tryggt næst ár. Á skipulagi eru nokkur leiksvæði sem eftir er að gera og einnig eru eldri leiksvæði sem þarf að bæta undirlag á. Sótt var um styrk til Ferðamálastofu að byrja á fyrsta áfanga stígs í fólkvangnum á Glerárdal en gert er ráð fyrir stíg inn í Lamba að austanverðu og að vestanverðu um 23 km leið. Ef styrkur fæst þarf að leggja fram 20 % mótframlag. Einnig var sótt um styrk frá Ferðamálastofu vegna vegar norður á fót í Grímsey. Á opnum grænum svæðum þyrfti að huga að huga að töluverðum endurbótum svo sem í Seljagarði þar sem þyrfti að endurvinna hluta grasflata, **Hamarkotstún þarfnast einnig upplýftingar** og þá þarf að **endurbyggja hluta úr tröppum Sigurhæða** og færa til stíg sem liggur frá Kirkjutröppum að Sigurhæðum en það svæði er orðið mjög varasamt. Halda þyrfti áfram með merkingar í bæjarlandinu til að upplýsa bæjarbúa og gesti um hin ýmsu kennileiti.

### Tæki sem vantar í Lystigarðinn:

Skiltagerðarvel til að gera varanleg skilti (roland EGX -30A) ca. 550. þús

Nýtt skráningarkefi fyrir plöntulista og frælista inn á heimasíðu, í vinnslu.

Kaupa dökkgrænt plast með hvítu undirlagi og gera varanleg skilti um allan garð.

Lítinn garðtraktor (Avant liðlétting) Avant 400 kostar 3+ vask

Nýjan vinnubíl –ca. 3-4 milj.

### Tæki fyrir Hamra, tjaldsvæði:

Samkvæmt samningi Hamra og Akureyrarbæjar frá 1998, leggur Akureyrarbær Hömrum til vélar og tæki vegna sláttar á Hömrum og við Þórunnarstrætið. Hamrar sjá um rekstur þeirra.

Meta átti þörf á endurnýjun þeirra eftir 5 á með tilli til endurnýjunar.

Nú er svo komið að stór hluti þessara véla sem flestar voru gamlar eru mjög úr sér gengnar og nauðsynlegt að endurnýja á árinu 2018. Síðastliðið sumar gekk allt á afturfótunum með slátt



---

vegna sífelldra frátafa vegna bilana. Þessu fylgir einnig gríðarlegur viðhaldskostnaður. Eins þarf að yfirfara og endurnýja hluta af bílum fyrir bílabrautina sem sett var upp í sumar.





## Umhverfis- og samgöngustefna, staða verkefna

Verkefni úr stefnunni sem þarf að vinna að í ár og á árinu 2018

### Upplýsingar um vistvæna orkugjafa í eigu bæjarfélagsins, einstaklinga og fyrirtækja

**Markmið:** Fá tölulegar upplýsingar um orkugjafa bifreiða í eigu sveitarfélagsins og um bifreiðar einstaklinga og fyrirtækja sem skráð eru í bænum svo hægt sé að vinna með þær upplýsingar í áframhaldandi verkefnum tengdum vistvænum orkugjöfum.

**Aðgerðir:** Taka saman upplýsingar er og fá reglulegar uppfærslur.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið / Vistorka . **Kostar okkur ekkert**

**Verklök:** 2017 og endurtekið árlega.

### Aukin meðvitund íbúa um nýtingu náttúruauðlinda

**Markmið:** Íbúar eiga að vera meðvitaðir um nýtingu náttúruauðlinda með sjálfbærni að leiðarljósi. Þetta snýr að bættri nýtingu og minni sóun á heitu og köldu vatni, rafmagni og eldsneyti.

**Aðgerðir:** Fræðsla til íbúa um mikilvægi bættrar nýtingar og leiðir til að draga úr sóun.

**Ábyrgð:** Norðurorka **Í vinnslu**

**Verklök:** 2017 og endurtekið árlega

### Upplýsingar um aðkeyptan akstur og þjónustu á vegum bæjarfélagsins

**Markmið:** Markmiðið er að fá tölulegar upplýsingar um aðkeyptan akstur og þjónustu á vegum bæjarfélagsins svo hægt sé að vinna með þær upplýsingar í áframhaldandi verkefnum tengdum vistvænum orkugjöfum.

**Aðgerðir:** Finna út hvar þessar upplýsingar er hægt að nálgast og fá reglulegar uppfærslur.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið / **Vistorka Kostar okkur ekkert**

**Verklök:** 2017 og endurtekið árlega

### Útboð á aðkeyptum akstri og þjónustu

**Markmið:** Akureyrarbær nálgist markmið sitt um kolefnishlutlaust samfélag.

**Aðgerðir:** Notkun á vistvænu eldsneyti skal vera í útboðslýsingum á vegum bæjarfélagsins og hafa vægi þegar ákvörðun er tekin.

**Ábyrgð:** Hagsýslusvið

**Verklök:** 2017

### Svifryksmælingar

**Markmið:** Upplýsingar um svifryk í andrúmslofti skulu aðgengilegar á rauntíma hverju sinni á heimasíðu bæjarins.

**Aðgerðir:** Settur verður upp svifryksmælir á gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið **Búið en færa þarf mælinn í Strandgötu. Kostar okkur ekkert.**

**Verklök:** 2017

### Götusópun

**Markmið:** Að minnka svifryk í andrúmslofti.

**Aðgerðir:** Að götur séu sópaðar eftir þörfum.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið **Í vinnslu Í áætlun vantar meira fjármagn**



**Verklök: 2017**

### Hálkuvarnir

**Markmið:** Að minnka svifryk í andrúmslofti og halda götum og gangstéttum greiðfærum.

**Aðgerðir:** Gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa um leiðir til hálkuvarna og haldinn íbúafundur í kjölfarið. Takmarka skal notkun malarefna, eins og kostur er til að lágmarka myndun svifryks. Nota skal salt til blöndunar í hóflegu hlutfalli og önnur efni sé þess kostur.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið **Búið**

**Verklök: 2017**

### Minni notkun nagladekkja

**Markmið:** Að draga úr notkun nagladekkja til að minnka svifryk í andrúmslofti.

**Aðgerðir:** Setja skal upp skilti (færanlegt) sem vekur athygli á svifryksmengun af notkun nagladekkja.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið **Í skoðun.** **Nota af fjármagni svifryksmælis**

**Verklök: 2017**

### Heimhleðslustöðvar fyrir ökutæki

**Markmið:** Að fjölga rafmagnsbílum og bæta aðgengi/aðstöðu til hleðslu við heimahús.

**Aðgerðir:** Skipulagsnefnd komi á framfæri ábendingum til húsbyggjenda/verktaka/hönnuða um uppsetningu heimhleðslustöðva.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið / Skipulagssvið **Kostar okkur ekkert**

**Verklök: 2017**

### Flokkunartunnur

**Markmið:** Að auka flokkun á endurnýtanlegum úrgangi í miðbæ.

**Aðgerðir:** Settar verði upp hagnýtar flokkunartunnur á 1-2 stöðum í miðbænum á sýnilegum stöðum.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið **Í vinnslu** **Búið**

**Verklök: 2017**

### Skipulag endurvinnslu í nýbyggingum

**Markmið:** Að gera endurvinnslu aðgengilega í nýbyggingum.

**Aðgerðir:** Nýbyggingar verði skipulagðar með viðunandi endurvinnsluaðstöðu í huga miðað við kröfur Akureyrarbæjar um flokkun, skv byggingareglugerð Mannvirkjastofnunar frá maí 2014.

**Ábyrgð:** Skipulagssvið

**Verklök: 2017**

### Endurvinnsla í orlofsíbúðum

**Markmið:** Að auka flokkun á endurvinnanlegu efni í orlofsíbúðum.

**Aðgerðir:** Gerð verði krafa til leigusala orlofsíbúða að rétt flokkun sé hluti af leiguskilmálum.

**Ábyrgð:** Skipulagssvið **Sendu póst á Leif og Önnu.**

**Verklök: 2017**

### Aðvörunarmiðar á sorptunnur

**Markmið:** Að auka flokkun á endurnýtanlegum úrgangi s.s. dagblöðum, pappír og plasti.



**Aðgerðir:** Aðvörunarmiðar verði settir á þær tunnur sem ekki er flokkað í. Uppfylli viðkomandi ábyrgðaraðili ekki skilyrði um flokkun eftir aðvörunarmiða fær viðkomandi sekt.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið **Skoða í samvinnu með GN. Kaupa límniða. Sett á rekstur sorpmála.**

**Verklök:** 2017

### Nýtnivikan

**Markmið:** Að auka vitund íbúa um verðmæti hluta og þau verðmæti sem geta leynst í úrgangi. Nýtnivikan býður um leið upp á skemmtileg tækifæri til samvinnu sveitarfélaga, atvinnulífs og íbúa.

**Aðgerðir:** Akureyri muni taka þátt í Evrópsku nýtnivikunni (e. European Week for Waste Reduction (EWWR)). Verkefnið er samevrópskt og hefur það að markmiði að draga úr myndun úrgangs með því að hvetja fólk til að nýta hluti betur og lengja með því líftíma þeirra.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið. **Vinna í samstarfi við Akureyrarstofu ?** Senda á Þórgný.

**Verklök:** 2017

### Vitundarvakning gegn því að henda rusli á almannafæri

**Markmið:** Minnka rusl á almannafæri.

**Aðgerðir:** Óheimilt er að henda rusli á almannafæri samkvæmt lögreglusamþykkt bæjarins. Markvisst verður unnið í forvörnum því tengdu.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið. **Við auglýsum.**

**Verklök:** 2017

### Fatasöfnun

**Markmið:** Gera íbúum grein fyrir að föt eiga ekki að lenda í ruslinu heldur sé hægt að nota ónýt föt lengur og koma þeim í endurnýjun lífdaga með að koma þeim t.d. til Rauða krossins.

**Aðgerðir:** Í upplýsingagjöf til íbúa verði lögð áhersla á að fatasöfnunargámar Rauða krossins séu ekki einungis ætlaðir fyrir heillegan fatnað og skó heldur megi skila þar allri vefnaðarvöru burtséð frá ástandi.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið. **Vinna í samstarfi við rauðakrossinn og hjálraeðisherinn.**

**Verklök:** 2017

### Lágmarka fjölpóst

**Markmið:** Minnka verður það magn dagblaða og auglýsingapósts sem berst inn á heimilin.

**Aðgerðir:** Íbúar verði hvattir til að lágmarka fjölpóst og verður bent á að hægt er að fá límniða hjá Íslandspósti þar sem fjölpóstur er afþakkaður.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið. **Við auglýsum**

**Verklök:** 2017

### Strætóappið

**Markmið:** Kynna íbúa fyrir strætóappinu og hvernig það virkar.

**Aðgerðir:** Gangast þarf fyrir markvissu átaki í almenningssamgöngumálum og kynna strætóappið vel.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið .



**Verklök:** 2017

### **Samgöngumiðstöð**

**Markmið:** Að komið verði upp þjónustumiðstöð fyrir almenningssamgöngur.

**Aðgerðir:** Að komið verði upp samgöngumiðstöð þar sem öllum helstu samgönguleiðum á landi til og frá Akureyri er komið fyrir á einum stað.

**Ábyrgð:** Skipulagssvið / Umhverfis og mannvirkjasvið

**Verklök:** 2018

### **Flokkun úrgangs hjá stofnunum bæjarfélagsins**

**Markmið:** Að stofnanir bæjarfélagsins flokki allan sinn úrgang.

**Aðgerðir:** Akureyrarbær skal flokka úrgang og haga rekstri sínum með endurvinnslu og góða nýtingu að leiðarljósi. **Við þurfum að impra á.**

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið

**Verklök:** 2018

### **Matarsóun**

**Markmið:** Að draga úr matarsóun, auka meðvitund um umhverfisáhrif matvælaframleiðslu og hvetja til bættrar nýtingar á mat úr héraði. Verkefnið horfi til átaksins [www.matarsoun.is](http://www.matarsoun.is) og taki jafnfram mið af niðurstöðu starfshóps sem skipaður var af Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu og skilaði skýrslu 2015 sem heitir “matarsóun - tillögur til úrbóta”

**Aðgerðir:** Koma upp vottunarkerfi fyrir veitingahús í bænum í samvinnu við Vistorka sem snýr að því að draga úr matarsóun við eldamennskuna ásamt því að ýta undir að viðskiptavinir taki leifarnar með sér heim. Gerast þátttakendur í verkefninu matarsoun.is.

**Ábyrgð:** Umhverfis og mannvirkjasvið og Vistorka. **Vinna í samstarfi við Vistorku og**

**Akstofu**

**Verklök:** 2018